

Stjórnarfundur Geðhjálp 15.12.2016

Mættir: Hrannar, Sveinn Rúnar, Þórður, Anna Gunnhildur, Bergþór, Sylviane, Rakel, Halldóra og Sigprúður.

- 1. Yfirferð fundargerðar síðasta stjórnarfundar, undirskriftir (AGÓ).**
Fundargerð lesin upp af Halldóru og samþykkt.
- 2. Erfðagjafir – texti á vef (HJ).**
Samþykkt að færa drög að texta um erfðagjafir inn á heimasíðu með viðbót um að samtökunum hafi borist fyrirspurnir um slíkar gjafir.
- 3. Siðareglur – áherslur (HJ, SP).**
Samþykkt að skipa hóp um gerð siðareglna fyrir Geðhjálp. Sigprúður verður í forsvari fyrir hópnum. Með henni starfa Bergþór og Halldóra.
- 4. Námskeið vegna kvíða (HJ).**
Samþykkt að halda fræðslukvöld um kvíða í þremur hlutum. Áhersla verður lögð á góð ráð við kvíða og hvert er hægt að leita eftir frekari ráðgjöf.
Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að leita eftir leiðbeinanda í samráði við sjálfshjálparhóp um kvíða og félagsfælni.
- 5. Bataskóli – framvinda og samstarf við Reykjavíkurborg (HP, AGÓ).**
Fram kom að Reykjavíkurborg myndi leggja 15 mkr. í skólann á ári á þriggja ára þróunartímabili. Virk hefur lagt 4,2 mkr. í þróunarkostnað. Félagasamtök og einstaklingar hafa gefið hálfa milljón til undirbúnings skólans. Sótt hefur verið um 5,6 mkr. til velferðarráðuneytisins.

HP sagðist telja að Geðhjálp ætti að styrkja rekstur skólans á þróunartímabilinu til að tryggja árangursríkan rekstur og að faglegur vilji samtakanna yrði ekki undir í samstarfinu við Reykjavíkurborg. Samþykkt var að taka tillöguna til umfjöllunar á næsta fundi.
- 6. Svar Öryrkjabandalagsins við erindi Geðhjálp um almenna styrki (SL).**
Samþykkt var að fela framkvæmdastjóra að óska eftir því að niðurstöður úthlutunar almennra styrkja yrðu birtar með faglegum hætti á vef bandalagsins með tilvísun til vinnubragða Lýðheilsusjóðs. Úthlutanir yrði ætíð birtar á vefnum og strax yrðu birtar úthlutanir síðustu þriggja ára. Jafnframt yrði farið fram á formlegt svar frá bandalaginu við fyrirspurninni.
- 7. Embætti ritara (HJ).**
Samþykkt að skipa Rakel ritara fram að aðalfundi.

8. Miðlun – styrktarfélagasöfnun fyrir Geðhjálp á árinu 2017 (HJ, AGÓ).

Miðlun leggur til að Geðhjálp feli fyrirtækinu að afla 1.000 nýrra styrktarféлага og fá 200 manns til að hækka framleg sitt um 700 kr. að meðaltali á næsta ári. Með því móti myndu brúttó tekjur á milli ára hækka úr 24 milljónum í 36 milljónir. Hins vegar myndi framlegðin lækka úr 21 milljón í 18 milljónir vegna kostnaðar við öflun styrktarféлага og vinnu við hækkun framlaga. Kostnaðurinn myndi lækka á árinu með þeim afleiðingum að mánaðarframlag myndi hækka úr 1,9 í 3,5 í desember. Þannig væri búið í haginn fyrir félagið til framtíðar. Samþykkt var að vísa ákvörðuninni til næsta fundar.

9. Stefnumótun og framkvæmdaáætlun lögð fram til samþykktar (HJ).

Skjalið var samþykkt einróma.

10. Önnur mál.

Framkæmdastjóri kynnti hugmynd um málþing um geðheilsu barna með öðrum hagsmunaaðilum. Hugmyndinni var vel tekið af stjórninni. Sylviane stakk upp á að falast yrði eftir erindum frá Helga Jónssyni, lækni, og Sæunni Kjartansdóttir um lítil börn.

Þórður stakk upp á því að falast yrði eftir sýningarrétti á sjónvarpsþáttaröðinni *Bara geðveik* til sýningar hjá Geðhjálp. Framkæmdastjóra var falið að ganga í málið.

Fundi slitið kl. 06:40.